

67 Um fé það, sem umdæmisstúkan þannig kann að fá til ráðstöfunar gilda sömu 5. apríl reglur og settar eru í skipulagsskrá fyrir Sumarheimili Templara frá 9. júlí 1942 (Stj.tíð. 1942, B. bls. 257—259).

14. gr.

Ef nauðsyn ber til vegna breyttra ástæðna má breyta skipulagsskrá þessari, ef stjórnarnefndin er sammála um það og stórtémlar samþykkir.

15. gr.

Að fengnu samþykki stórtémlars skal leita staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi stúkunnar Framtíðin nr. 173 1. marz 1943.

Sigurbjörn Á. Gíslason.
Æt.

Steindór Björnsson.
R.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 22. marz 1943.

Kristinn Stefánsson,
stórtémlar.

68

1. marz

S A M Þ Y K K T

um bann við dragnótaveiðum innan Flateyrar og Hjarðardalshafna í Önundarfirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Þessi löggilt hafnarsvæði skulu með öllu vera friðuð fyrir dragnótaveiðum:

1. Flateyrahöfn, sem takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn í Ófærुकlett innanverðan og línu frá Flateyrvita hornrétt á fyrrnefnda línu.

2. Hjarðardalshöfn, sem takmarkast af línu, er hugsast dregin úr Grundarendabót í stefnu á Hvilftarbæ á austurströnd fjarðarins fram á Heströnd, er hún kemur fram undan Tannanes-rönd, og þaðan eftir línu, er hugsast dregin í stefnu á brú á Breiðadalsá neðanverðri, þar til sú lína sker línu hugsaða úr Hjarðardalsbæ innri í Kaldá á austurströnd fjarðarins.

Um viðurlög við brotum gegn samþykkt þessari fer eftir lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Samþykkt þessi er gerð af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 26 12. febrúar 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, og birtist hún hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 1. marz 1943.

Torfi Hjartarson.